

Sp.

391. Fyrirspurn

[269. mál]

til forsætisráðherra um skiptingu aflaverðmætis, útflutningsverðmæti sjávarafurða, gjald-
eyrisöflun og landsframleiðslu eftir kjördæmum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver hefur verið skipting aflaverðmætis eftir kjördæmum á hverju ári á tímabilinu 1981–1986?
2. Hver er skipting útflutningsverðmætis sjávarafurða áætluð á grundvelli aflaverðmætis í einstökum kjördæmum og sundurliðað eftir framleiðslustöðum og helstu fisktegundum?
3. Hvert hefur verið framlag hvers kjördæmis í gjaldeyrisöflun landsmanna á sama tímabili? Beðið er um heildargjaldeyrstekjur af útflutningi og hreinar gjaldeyrstekjur eftir því sem upplýsingar leyfa.
4. Hvert má áætla að hafi verið framlag hvers kjördæmis til landsframleiðslunnar í heild og á vinnandi mann á sama tímabili (1981–1986)?

Verðmætistölur óskast færðar til verðlags ársins 1986 og að fram komi hlutfallsleg skipting þar sem við á.

Greinargerð.

Fram hefur komið, m.a. á þskj. 616 á 108. löggjafarþingi, að vissir erfiðleikar séu á að flokka útflutningsframleiðsluna eftir framleiðslustöðum þar sem útflutningshöfn getur verið önnur. Í 2. tölul. í fyrirspurninni er bent á leið til að áætla framleiðsluverðmæti sjávarafurða út frá sundurliðuðu aflaverðmæti.

Skriflegt svar óskast.